

Ætlar linkindin aldrei að líða hjá?

HRUN bankakerfisins og fálmennd og hikandi viðbrögð ríkisstjórnarinnar við hrapinu hingað til afhjúpa hyldjúpa bresti í innviðum íslenzks samfélags. Þessar dauðadjúpu sprungur — orðin eru sótt í vöggukvæðið *Sofðu unga ástin míni* eftir Jóhann Sigurjónsson — ættu að vera á allra vitorði, enda hafa þær um langt árabil verið kembdar í þauila á opinberum vettvangi. Tölnar tala ómyrku máli: færri en þrír af hverjum tíu Íslendingum bera traust til Alþingis og til réttarkerfisins samkvæmt ítrekuðum mælingum Gallups (Capacent) mörg ár aftur í tímann. Og það var áður en bankarnir hrundu. Almenningur veit sínu viti. Venjulegt fólk ber skýrt skynbragð á heiminn í kringum sig og hefur heilbrigða og óspillta réttlætiskennd: það er skilgreining á venjulegu fólk. Rótgróin og að minni hyggju réttmæt vantrú venjulegs fólks á stjórnmálastéttinni og jafnframt á réttarkerfinu, sem stjórnmálastéttin hefur byggt eins og skuggsjá af sjálfrí sér, vitnar um dauðadjúpar sprungur, sem stjórnmálaöflin hafa þó aldrei fengizt til að viðurkenna, hvað þá heldur til að fylla. Brestirnir teygja sig marga áratugi aftur í tímann. Þetta er samfeld sorgarsaga, sem nú loksns verður ekki lengur undan vikzt að skrá rétt. Nú, þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er kominn til skjalanna sem ábekingur að síðbúinni neyðar-efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og björgunarleiðangurinn hefur blessunarlega lagt úr höfn, og þótt fyrr hefði verið, þarf að gera upp sakirnar — *big time* eins og kaninn segir. Nú er einskis að bíða. Hefjumst handa.

Byrjun í Danmörku: „Ekstrabladet í Kaupmannahöfn hefur að undanförnu halddið uppi hinum fáránlegasta fréttalutningi frá Íslandi, sem að vonum hefur vakið hér mikla athygli og allverulega gremju. Fyrir nokkru skýrði það frá því með stórum fyrirsögnum, að íslenzkt fjármála- og atvinnulíf væri svo sjúkt og rotið, að ríkið ramaði á gjaldþrotsbarmi. [...] Blað þetta, sem hefur stóran lesendahóp, þykir heldur óvandað í fréttalutningi, og hefur það alloft komið fyrir, að það hafi sagt furðusögur frá Íslandi, sem lítill eða enginn fótur var fyrir.“ Pessi frétt birtist í einu Reykjavíkurblaðanna 16. júlí 1936, svo sem getið er um í *Öldinni okkar*. Hvað var þá um að vera á Íslandi? Leyfum braðrunum Bjarna Benediktsyni, síðar forsætisráðherra, og Pétri Benediktssyni, síðar alþingismanni

og bankastjóra, að lýsa fyrir okkur ástandinu eins og það var. Takið nū vel eftir.

„Dagar linkindarinnar og svika samábyrgðarinnar“

Í bréfi til Bjarna 12. mars 1934 segir Pétur um Landsbankann og Útvegsbankann: „Fer ekki að koma að því, að tímabært sé að breyta þeim bádum í fangelsi og hleypa engum út, nema hann geti með skýrum rökum fært sönnur á sakleysi sitt?“ Bjarni svarar 22. mars: „Hætt er við að enn séu ekki öll kurl komin til grafar um þá fjármálaóreiðu og hreina glæpastarfssemi, sem nú tiðkast í landinu ... Er þó það, sem þegar er vitað, ærið nóg. Bersýnilegt er, að þjóðlifið er sjúkt. Kemur það ekki einungis fram í svikunum sjálfum, heldur einnig því, að raunverulega „indignation“ er hvergi að finna hjá ráðandi mönnum, persónuleg vild eða óvild og stjórnálahagsmunir ráða öllu, á báða bóga, um hver afstaða er tekin. Slíkt fær ekki staðizt til lengdar. Dagar linkindarinnar og svika samábyrgðarinnar hljóta að fara að styttaast.“

Pessar tilvitnanir eru teknar úr bók Jakobs F. Ásgeirssonar sagnfræðings, *Pétur Ben. Ævisaga* (1998). Ætla má, að óbirt bréf þeirra bræðra og annarra gefi enn litrikari mynd af ástandi Íslands á þessum árum.

Hvert var tilefnið? Um þetta leyti hafði orðið uppvist um endurnýtingu máðra peningaseðla, sem höfðu verið teknir úr umferð. Kveldúlfsmálið logaði á síðum blaðanna. Verðfall á fiski og heimskreppan höfðu komið illa við sjávarútveginn, og skuldir Kveldúlfss höfðu hlaðið upp í Landsbankanum, svo að fyrirtækið var ekki lengur talið eiga fyrir skuldum. Málið var leyst með því, að Ólafur Thors, forstjóri Kveldúlfss og formaður Sjálfstæðisflokkssins, og Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður Fransóknarflokkssins, tóku sér sæti hlið við hlið í bankaráði Landsbankans 1936, og hélt Ólafur sæti sínu þar nær samfleyytt til dauðadagss og var þó forsætisráðherra í fimm ríkisstjórnunum. Þarna var að því er virðist innisiglaður grunnurinn að helmingaskiptum tveggja helztu flokka landsins. Kveldúlfss og öðrum var hlifft gegn því, að framsóknarfyrirtækin, þar með talið Samband íslenzkra samvinnufélaga, fengju einnig viðvarandi sjálfssafgreiðslu í bankakerfinu. Alþýðuflokkurinn og síðar Alþýðubandalagið fengu aukaaðild að fyrirkomulaginu. Þetta er ítalska formúlan: allir með, svo að enginn beri ábyrgð. Þessi skipan hélt um langt skeið og var nú síðast lögð til grundvallar einkavæðingu Búnaðarbanksins og Landsbankans 1998–2002, nema nú voru gömlu helmingaskiptaflokknir einir um hituna með árangri, sem blasir nú við öllum landsmönnum.

Áhugalaust ákæruvald

Vandinn var samt ekki einkavæðingin, þótt sumir haldi því nú fram með sigurbros á vör. Nei, einkavæðing bankanna var nauðsynleg í ljósi reynslunnar og löngu tímabær. Andstaða gegn einkavæðingu bankanna vitnaði um djúpstætt skilningsleysi á ábyrgð gömlu ríkisbankanna á margvislegri óhagkvæmni í efnahagslifinu og mikilli verðbólgu og skuldasöfnun af völdum þessarar óhagkvæmni. Vandinn var útfærslan (og þá gildir einu, að gamlir marxistar halda því sumir fram, að kommúnismi sé góð og gild samfélagsskipan og útfærslan á honum hafi mistekizt). Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokkssins og Framsóknarflokkssins hætti við dreift eignarhald að nýjum einkabönkum og hætti einnig við að laða erlenda banka til að hefja rekstur á Íslandi eins og til stóð í byrjun. Hún stóð ekki slímaða freistinguna að selja Búnaðarbanksins og Landsbankann á undirverði mönnum, sem höfðu aldrei komið nálægt bankarekstri, en höfðu þeim mun betra samband — talsamband eins og það heitir — við stjórnarflokknar tvo. Uppljóstrun Styrmis Gunnarssonar ritstjóra *Morgunblaðsins* í prentaðri ritgerð um talsambandið við Sjálfstæðisflokkinn er umhugsunarverð í ljósi þess, að Kjartan Gunnarsson varaformaður bankaráðs Landsbankans lýsti því í viðtali við *Séð og heyrt* eða hvar það nú var, að honum fyndist gott að þegja með Davíð Oddssyni vini sínum, forsætisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokkssins. Þau ummæli eru athyglisverð vegna þess, að fyrir liggja skriflegar heimildir um sameiginlega aðför þeirra tveggja að viðskiptavini Landsbankans, þessum sama ritstjóra, sem þeir vinirnir hótuðu að gera gjaldþrota til að þagga niður í honum eða í hefndarskyni. Aðför tvímenninganna að ritstjóranum er skýlaust lögbrot, en ríkissaksóknari hefur ekki séð ástæðu til að athuga málið þrátt fyrir birtar frásagnir af því, til dæmis í grein Jóhanns Haukssonar blaðamanns í *Mannlifi*. Ákæruvaldið virðist stundum taka Sjálfstæðisflokkinn fram yfir lög og rétt.

Til marks um áhugaleysi ákæruvaldsins má einnig hafa þá staðreynð, að Sverrir Hermannsson fyrrum Landsbankastjóri Sjálfstæðisflokkssins hefur í *Morgunblaðinu* margssinnis borið þungar sakir á Kjartan Gunnarsson, fyrrum bankaráðsmann í Landsbankanum, og Finn Ingólfsson, fyrrum bankaráðsmann í Kaupþingi, en hvorki ritstjórn *Morgunblaðsins* né ákæruvaldinu þotti ástæða til að kanna sannleiksgildið í ásókunum Sverris. Allt þetta þarf nú að rannsaka innan um þau afbrot, sem virðast hafa verið framin í bönkunum síðstu ár. Meira um það á eftir. Margir vörudu við hættunni, sem í því fólst að setja bankana í hendurnar á

óreyndum mönnum, bæði innan bankanna og utan þeirra, en viðvörunum var ekki sinnt. Nú þyrfti hann að gefa sig fram Landsbankamaðurinn, sem varaði forstu Sjálfstæðisfloksins sérstaklega við Björgólf Guðmundssyni, væntanlegum kaupanda Landsbankans, í ljósi fyrri viðskipta Björgólfss við bankann.

Landlægt andvaraleysi

Við hljótum nú að spyrja: Hefði þeim bræðrum Bjarna og Pétri Benedikts-sonum ekki verið nær að lýsa skoðunum sínum á bankamálunum á fjórða áratugnum opinberlega frekar en að hvískra um þau í einkabréfum? Hefðu þeir að minnsta kosti ekki átt að kveða upp úr um ástandið síðar, til dæmis á miðjum aldrí, úr því að þeir lögðu ekki í það kornungir menn á fjórða áratugnum? Þeir voru að vísu báðir hrifnir burt langt fyrir aldur fram, svo að við fáum trúlega aldrei að vita, hvort þeir hefðu kosið að taka sannleikann um bankana með sér í gröfina eða ekki. Það kann að flækja málid, að annar bræðranna gerðist hægri hönd og síðar eftirmaður Ólafs Thors í Sjálfstæðisflokknum og ríkisstjórn, hinn varð tengdasonur Ólafs.

Enginn má skilja orð míni svo, að ég vilji draga þá bræður Pétur og Bjarna til sérstakrar ábyrgðar á landlægu andvaraleysi í bankamálum og fjármálum. Svo er alls ekki, enda vitna glefsurnar úr bréfum þeirra þvert á móti um réttsýni þeirra langt umfram marga aðra menn, sem mikil létu að sér kveða á Íslandi um þeirra daga og æ síðan. Báðir gerðu landi og þjóð mikil gagn, hvor á sínum vettvangi. Ég segi bara: þeir hefðu samt átt að leysa frá skjóðunni eða skilja að minnsta kosti eftir sig einhver skýr merki um það, að þeir hafi reynt að hreinsa til í bönkunum og samfélaginu. Þess sjást þó engin merki. Þeir gengu inn í björgin eins og margir aðrir menn hafa gert og urðu samdauna stjórnmalastéttinni. Þeir lögðu ásamt öðrum á borðið handa yngri mönnum, sem gengu á lagið og keyrðu landið í kaf. Þógn þeirra gerði að segja má eftirmönnum þeirra og gervallri stjórnmalastéttinni og blöðunum, einkum *Morgunblaðinu*, eina gamla flokksmálgagninu, sem er enn á lífi, kleift að halda áfram að þræta fram í rauðan dauðann fyrir fúann í innviðum bankanna, efnahagsmálanu og ýmissa annarra þátta þjóðlifsins.

Fordæmi Færeýja

Arið 1995 birti ég fjórða ritgerðasafnið mitt, *Síðustu forvöð*. Þar er endurprentuð ritgerð míni um fjárhagshrun Færeýja frá árinu áður. Kveikjan að

ritgerðinni var prýðileg bók Eðvarðs T. Jónssonar fréttamanns, *Hlutskipti Færeýja* (1994), þar sem hann lýsir Færeýjum eins og skrípamynd af Íslandi. Ritgerð míni hefsta á þessum orðum:

„Hrun færeysks efnahagslífs er trúlega einn mesti harmleikur í Vestur-Evrópu á síðari helmingi þessarar aldar. Sjálfstæð þjóð með eigin menningu, sögu og tungu hefur farið svo herfilega að ráði sínu, að við henni virðist nú blasa annaðhvort sjálfstæðissvipting ellegar mun meiri fólksflótti úr eyjunum en orðinn er og skuldabasl langt fram á næstu öld, jafnvel almenn fátækt. Þess eru engin dæmi úr Evrópusögu síðustu áratuga, að frjáls og næstum fullvalda þjóð hafi kallað því líka niðurlægingu yfir sjálfa sig. Landsframleiðsla Færeýinga hefur fallið um meira en þriðjung síðan 1989. Á þennan kvarða er efnahagshrun Færeýja svipað umfangs og hrún Sovétríkjanna sálugu á sama tíma.“

Þessum upphafssorðum fylgir löng lýsing, innblásin af bók Eðvarðs T. Jónssonar og öðrum heimildum, á þeim fúnú innviðum, sem felldu Færeýjar. Ég segi: „Efnahagshrun Færeýja þarf að skoða ekki aðeins í sögulegu samhengi, heldur einnig í samhengi við eðli og innviði þjóðfélagsins. Eðvarð T. Jónsson segir ýmsar sögur af undirferli, spillingu og græðgi ýmissa helztu „máttarstólp“ þjóðfélagsins, manna, sem virtust hegða sér í samræmi við leikreglur samfélagsins, þótt lög væru bersýnilega brotin, en fáir virtust gera sér rellu út af því. Allir vissu allt um alla í svo litlu landi. Enginn getur þotzt ekki hafa vitað, hvernig ástandið var í raun og veru.“

Síðan er brestunum lýst einum af öðrum: kjördæmaskipan, sem var gróðrarstíð hrepparígs á hæsta stigi; ofurvaldi útvegsmanna, sem mærðu frjálsa samkeppni og nærðust á styrkjum; ábyrgðarleysi í stjórnmálum, sem lýsti sér meðal annars í því, að ekki var heil brú í efnahags- eða sjávarútvegsstefnu nokkurs af stjórnmálauflokkunum. Ég sprýr í ritgerðinni: „Er eintómri fáfræði um að kenna? Um það segir Eðvarð T. Jónsson: „Efnahagskerfið var fársjúkt, en sjúklingurinn lá í sælli vímu og vissi ekki að neitt alvarlegt amaði að sér fyrr en hann var nánast í andarslitrunum.““ ... Ég held áfram: „En læknarnir þá? Hvar voru þeir? — það er að segja hagfræðingarnir. Það er skemmt frá því að segja, að það munu vera tólf hagfræðingar í Færeýjum, þar af níu flokksbundnir. Hinir þrír reyndu að vara almenning og stjórvöld við efnahagsþróuninni, en þeir voru æptir niður.“

Í ritgerð minni standa einnig þessi orð: „Færeýingar mega þakka sínum sæla fyrir að eiga ekki fullburða seðlabankastofnun, eina með öllu, því að ætli Atli Dam hefði þá ekki verið skipaður seðlabankastjóri?“ Atli Dam lögmaður var einmitt höfuðarkitektinn að fjárhagshruni Færeýja.

Hremmingum Færeyja lyktaði svo, að Danir lánuðu færeysku landsstjórninni einn milljarð Bandaríkjadalra eða þar um bil. Það gerir um cinn og hálfan milljarð dala á verðlagi dagsins í dag eða 3,7 milljónir íslenzkrá króna á hvert mannsbarn í Færeyjum. Til samanburðar býst ríkisstjórn Íslands nú til að taka að láni í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og seðlabönkum í tengslum við sjóðslánið fjárhæð, sem nemur 2,2 milljónum íslenzkrá króna á hvern Íslending eða þar um bil. Annar munur á lánumnum tveim fyrir utan fjárhæðirnar að framan er, að íslenzka lánið er öðrum þræði tekið til að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans, en færeyska lánið var tekið til að standa skil á eldri óreiðuskuldum. Enn er ekki vitað, hversu mikil fé þarf til að standa skil á skuldum Íslands og Íslendinga í útlöndum, þar eð andvirði eignanna, sem standa á móti skuldunum, er óvist.

Danir afskrifuðu að auki færeyskar skuldir um 150 milljónir dala, eða 220 milljónir dala á núvirði. Að öðru leyti greiddu færeyskir skattgreið endur Dönum skuldina að fullu með vöxtum á innan við tíu árum samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá Hagstofu Færeyja. Kreppan stóð skemur en í tíu ár einnig í þeim skilningi, að 2001 náði landsframleiðsla á mann í Færeyjum fyrra hámarki frá 1993. Aðeins um helmingur fólksins, sem flúði Færeyjar í kreppunni, sneri þó aftur. Færeyingar attu nú að vera 54 þúsund miðað við fólksfjölgun fyrrí ára, en þeir eru nú 49 þúsund.

Hvaða neisti kveikti bálið?

Hvenær hófst atburðarásin, sem lauk með hruni bankanna? Það er álitamál. Eitt svarið er: hún hófst á heimastjórnarárunum, þegar Hannes Hafstein var bankastjóri þau ár, sem hann var ekki ráðherra. Þá var lagður grunnurinn að forræði stjórmálahagsmunu yfir bönkunum, óviðurkvæmilegu samneyti stjórmálala og viðskipta, sem hefur æ síðan fylgt þjóðinni eins og skuggi eða vofa, spilltu samneyti, sem hlóð undir framkvæmdarvaldið á kostnað löggjafarvalds og dómsvalds og gróf með því móti undan nauðsynlegum valdmörkum og mótvægi. Valdhlyðni var reglan. Fáir lögðu í að rugga bánum í þróngsýnu samfélagi, þar sem útendarar stjórmálaflokkanna í bönkunum skömmtuðu lánsfé og gjaldeyri og félagar þeirra á flokksblöðnum voru hafðir til að úthrópa þá, sem fóru út af sporinu.

Annað skammdrægara svar er þetta: Rás atburðanna hófst fyrir aldarfjórðungi með upptöku kvótakerfisins, þegar stjórmálastéttin kom sérlamanum um að afhenda útvegsmönnum ókeypis aðgang að sameiginlegri

auðlind þjóðarinnar. Þessi rangláta ákvörðun, sem allir flokkar á þingi báru sameiginlega og sinnulausa ábyrgð á, skerti svo síðvitund stjórmálastéttarinnar, að þess gat ekki orðið langt að bíða, að aðrar jafnvel enn afdrifaríkari ákvarðanir af sama tagi sæju dagsins ljós. Hví skyldu menn, sem víluðu ekki fyrir sér að búa til nýja stétt auðmannana með ókeypis afhendingu aflakvóta í hendur fárra útvalinna, hika við að hafa svipaðan hátt á einkavæðingu banka og annarra ríkisfyrirtækja? Því hlaut að fara sem fór. Varaformaður Framsóknarflokksins auðgaðist svo á einkavæðingu Búnaðarbanksins, að hann gerði sér lítið fyrir og keypti þjóðarflugfélagið (og létt skipa sjálfan sig seðlabankastjóra í millitíðinni, en hann hafði að vísu ekki efni á láglauunaslinu þar nema skamma hríð). Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokkssins gerðist einnig milljarðamæringur við einkavæðingu Landsbankans, og enginn spurði neins, enda voru fjlölmilarnir flestir komnir í hendur eigenda bankanna. Hann fer enn sem fyr huldu höfði að því er virðist fingrafaralaus. Formaður Sjálfstæðisflokkssins létt skipa sjálfan sig seðlabankastjóra eins og að drekka vatn og létt bankaráðið umsvifalaust hækka laun sín upp fyrir laun forseta Íslands með kveðju til Bessastaða. Áður hafði hann skammtað sér konungleg eftirlaun úr vasa almennings. Marga aðra flokksmenn mætti nefna til sögunnar. Það hafði ekki áður gerzt í sögu lýðveldisins, að menn auðguðust svo ótæpilega á stjórmálaafskiptum. Það var nýtt. Kvótakerfið varðaði veginn inn í sjálftökusamfélagið.

Ofvöxtur bankanna

Hrun bankanna var tvíþætt. Í fyrsta lagi uxu bankarnir á örfáum árum sjálfum sér og landinu langt yfir höfuð. Vöxturinn var óeðlilegur meðal annars vegna þess, að eigendur bankanna voru byrjendur. Bankamennirnir rökuðu saman fé handa sjálfum sér og sáust ekki fyrir, því að sagan sýnir, að bankar geta varpað afleidungum bankahruns á axlir saklausra vegfarenda. Í annan stað hefðu stjórnvöld við þessar kringumstæður átt að standa fast gegn ofvexti bankanna. En of náin gömul og gróin tengsl milli stjórmála og viðskipta veiktu aðhaldið og eftirlitið. Ríkisstjórnin hefði átt að leggja sérstakan skatt á bankana til að hemja vöxt þeirra, en það gerði hún ekki. Seðlabankinn hefði átt að leggja bitandi bindiskyltu á bankana til að hemja vöxt þeirra, en það gerði hann ekki. Fjármálaeftirlitið hefði átt að sérsniða þung álagspróf að viðkvæmum íslenzkum aðstæðum, en það var ekki heldur gert. Allt stjórnkerfið brást. Endurteknum viðvörunum innlendra manna og erlendra var ekki sinnt. Við-

skiptaráð Íslands gekk svo langt 2006 að greiða Frederic Mishkin prófessor í New York 135 þúsund Bandaríkjadalí fyrir að leggja nafn sitt við ámáttlega skýrslu þess efnis, að allt væri enn í himnalagi í fjármálum Íslands. Upplýsingarnar um þóknun Viðskiptaráðs til Mishkins birtust fyrst í *Wall Street Journal* fyrir skömmu. Mishkin ætti að sjá sóma sinn í að skila fénu aftur til Íslands, til dæmis til Mæðrastyrksnefndar, og það mættu ýmsir aðrir menn gera.

Ofvöxt bankanna þarf einnig að skoða í samhengi við peningamálastjórnina. Bankarnir áttu sér ekki traustan og trúverðugan bakhjarl, sem gat haldið verðbólgu í skefjum og veitt heim nauðsynlega fyrirgreiðslu í erlendri mynt, úr því að Seðlabankinn vanrækti þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir að byggja upp öflugan gjaldeyrisvarasjóð til að vega á móti erlendri skammtímaskuldasöfnun bankanna. Prákelkni ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans fyrir hönd krónunnar í nafni sjálfstæðrar peningamálastjórnar og óskoraðs fullveldis hefur nú í reyndinni teft fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í tvísýnu um sinn.

Ekkert vit, engin hemja

Það hefði átt að blasa við hverjum heilvita manni, að umsvif útrásarvíkinganna og vina þeirra í bönkunum og stjórnmálaheiminum náðu engri átt. Enginn atvinnurekstur stendur undir svo augljósri vitleysu. Tökum kvótakónginn, sem keypti sér þyrlu, af því að honum hentaði ekki stundafla áætlunarflugsins milli lands og eyja. Tökum bankaeigandann, sem byggði sér hús í Reykjavík með skotheldum rúðum í gluggum og fullbúinni skurðstofu inni í íbúðinni. Tökum allt fólkvið, sem keypti sér rándýr hús til þess eins að sprengja þau í loft upp og byggja enn dýrari hús á lóðunum. Tökum bankastjóranu og starfsmenn þeirra, sem tóku sér laun, sem stóðu bersýnilega í engu samhengi við vinnuframlag þeirra, eins og kom á daginn. Tökum nýbyggingarnar í þjóðgarðinum á Þingvöllum, sem á þó að heita friðlýst land. Ekkert af þessu náði nokkurri átt, og mætti þó hafa listann miklu lengri.

Taumlaus græðgin í bönkunum tók út yfir allan þjófabálk. Eigendur bankanna röðuðu stjórnmálamönnum í kringum sig öðrum þráði að því er virðist til að kaupa sér frið. Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisfloksins og fyrrum aðstoðarmaður forsætisráðherra, sat til dæmis í stjórn sjóða Glitnis þar til bankinn hrundi. Hvað var hann að gera þar? Eigendur bankanna notuðu þá til að lána sjálfum sér og fyrirtækjum sínum til vafasamra fjárfestinga og fólu stjórnendum og starfsmönnum bank-

anna að ráðleggja viðskiptavinum að flytja sparifé af tryggðum innlánsreikningum yfir í ótryggða sjóði, sem voru hálffullir af verðlitum eða verðlausum pappírum eigendanna. Þessi hattsemi bankanna varðar við lög og hefur rænt mikinn fjölda sparifjáreigenda miklu fé. Það ýtir undir gamla tortryggni, að ákærvaldið skuli hafa látið strax til skarar skriða gegn bönkunum eftir hrunið frekar en að boða mörgum vikum síðar til veiklulegrar athugunar á því, hvort lög kunni kannski að hafa verið brotin. Silagangur ríkisstjórnarinnar síðan bankarnir hrundi vekur ekki heldur traust. Eina færa leiðin til að endurreisa nauðsynlegt traust milli manna inn á við og álit Íslands út á við er að spúla dekkið. Stjórnmálastéttin hefur brugðizt, *big time*. Hún þarf að draga sig möglunarlaust í hlé, víkja fyrir nýju fólkvi og veita því frið til að leggja grunninn að endurreisn efna-hagslfsins og réttarkerfisins með góðra manna hjálp utan úr heimi.

Ekkert minna dugir.